

Fundargerð Delta deildar DKG 4. desember 2024

Annar deltafundur vetrarins haldinn í Tónlistarskólanum á Akranesi miðvikudaginn 4. desember 2024 og hófst hann kl. 18:00

- Theodóra setti fundinn, bauð konur velkomnar og Jónína Erna kveikti á kertunum.
 - Síðan var nafnakall og kveðjur frá þeim konum sem ekki komust.
 - Farið stuttlega yfir fundargerð síðasta fundar.
 - Síðan minntumst við Gyðu okkar, Theodóra kveikti á kerti og las minningargreinina sem Sigrún skrifaði fyrir okkur í Morgunblaðið.
 - Jenna var með „Orð til umhugsunar“ og las fyrir okkur fallega Múmínjolasögu með góðan boðskap og endaði á að lesa fyrir okkur ljóð eftir móður sína.
-
- Önnur mál voru næst á dagskrá:
 1. Theodóra sagði frá tölvupósti sem hefur borist frá uppstillinganefnd. Einnig hafði komið bréf frá laganefnd (áframsendi ykkur bréfin með fundargerðinni).
 2. Einnig fór hún yfir hugsanlega dagskrá vorannarinnar, en hugmyndin er að hafa fyrsta fund eftir áramótin í Reykjavík 19. febrúar 2025 og fara svo í framhaldi af honum á leiksýningu um Marlene Dietrich sem Sigríður Ásta verður með í Sjálfstæðissal Parliament Hótelis við Austurvöll. Þetta verður bókafundur og valdi Halldóra fyrir okkur bækurnar til umræðu, **Ferðalok** eftir Arnald Indirðason sem er söguleg skáldsaga sem er spunnin út frá ævi þjóðskáldsins Jónasar Hallgrímssonar og **Í skugga trjáanna**, skáldævisaga eftir Guðrúnu Evu Minervudóttur. Í kynningu um bókina segið að hún sé í anda bókarinnar *Skegg Raspútíns* sem kom út árið 2016. Báðar bækurnar fengu góða dóma í Kiljunni á RÚV. Síðan verðum við með sameiginlegan fund með Uglum – Zontaklúbbi Borgarfjarðar á Akranesi 8. mars 2025 og þar mun Gulla sjá um dans og við söfnum fyrir Menntasjóð Mæðrastyrksnefndar. Þá koma Epsilonkonur í Borgarnes 26. apríl 2025 og við höfum sameiginlegan fund með þeim.
 3. Ásta fór aðeins yfir félagatalið með okkur, en stjórn landsambands DKG hefur ákveðið að við settum inn fyrrverandi starf ef við værum hættar að vinna ofl.
 4. Elsa kom með tvo gesti, kynnti þær fyrir okkur. Sigríður Skúladóttir og Sigrún Þorbersdóttir sem vonadi eru til að ganga í klúbbinn okkar.
 5. Soffía okkar varð áttæð í október síðastliðnum og færðum við henni eina rauða rós.
 - Við enduðum svo dagskrána á því að Sigríður Ásta Olgeirsdóttir gestur okkar flutti erindi og sagði okkur frá því að söngur og leiksvið hefðu alla tíð verið partur af lífi hennar, en hún byrjaði sitt tónlistarnám 4 ára gömul í Borgarnesi. Síðan hvernig leiðin lá suður til Reykjavíkur og út í heim. Og sagði okkur hvað hún er að gera í dag, hún hefur samið ýmis leikstykki og komið fram í leik og söng víða. Næst á dagkránni hjá henni er leiksýningin um Merlene Dietrich sem sýnd verður í febrúar. Söng svo nokkur jólalög fyrir okkur og Jónína Erna lék með á flygilinn. SÁð lokum sungum við allar saman nokkur jólalög við undirleik Jónínu Ernu, Theodóra útbjó lítið jólasönghefti sem við getum átt til næstu ára.

Fundi slitið kl 19:30 og þá fórum við yfir á Galito og borðuðum. Þar vorum við líka með happdrættið og Þórunn fékk vinninginn. Héldum svo heim uppúr kl 20:30.

Fundarritari: Theodóra Þorsteinsdóttir